

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Reykjarhóll, lóð, L146062, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti 25. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykjarhól, lóð, L146062, lóð Landsnets og RARIK. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér færslu á byggingarlínu til austurs um 5 metra þar sem RARIK hyggst reisa hús yfir spennuvirki við núverandi stöðvarhús. Nýlega reist stöðvarhús Landsnets er fært inn á uppdráttinn svo og aðkoma að því. Annað í skipulagi er óbreytt.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Leik- og grunnskólasvæðið á Hofsósi, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti 25. maí 2022, deiliskipulag fyrir Skólögötu, L146652, leik- og grunnskólasvæðið á Hofsósi. Deiliskipulagið felur í sér forsendur til frekari uppbyggingar á lóðinni. Á lóðinni hefur verið starfræktur grunnskóli og leikskóli og verður áfram, en við bætist íþróttahús. Utan byggingarreits er heimilt að reisa leiktæki og annað sem tengist starfsemi á lóðinni. Fjöldi bílastæða innan lóðar verður 47, þar af 4 fyrir hreyfihamlaða. Austan og norðan við byggingarreit er gert ráð fyrir svokölluðum sleppisvæðum, þar sem foreldrar geta stöðvað bifreið á meðan börnum er hleypt út og keyrt svo út af lóðinni án þess að þurfa að snúa við.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 27. júlí 2022.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. ágúst 2022